

**Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
b/t Þórunnar Maríu Bjarkardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 25. febrúar 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á ofangreindum lögum.

Það er mikilvægt að gæta þess að íslenskt atvinnulíf hafi yfir að ráða talsverðum sveigjanleika við ráðningar og uppsagnir því aðeins þannig tryggjum við hreyfanleika vinnuafis sem er grundvöllur samkeppni, nýliðunar, nýsköpunar og fjölbreyttni.

Í frumvarpi þessu má finna ýmislegt gagnrýni vert, ber þar helst slakur rökstuðningur fyrir þörf þeirra breytingar sem eru lagðar fram. Fyrir það fyrsta þá er staðhæft að aukin harka í samskiptum atvinnurekenda og starfsfólks hafi færst í vöxt, en engin gögn eru lögð fram því til stuðnings. Í annan stað er tilgreind ákveðin kynslóð manna sem á að hafa leitt til þessa, en það gleymist að nefna að þær kynslóðir manna og kvenna sem veita fyrirtækjum Íslands forsvor hafa með dugnaði sínum skapað hér óteljandi mörg störf á undanförunum árum. Sést þetta best á því að atvinnuleysi er í sögulegu lágmarki og hefur verið undanfarin ár. Umfjöllun greinargerðar frumvarpsins telst því miður hvorki rökstudd né málefnanleg.

Viðskiptaráð telur ekki rétt að leiða í lög sérreglu um miskabætur þar sem ljóst er að þau varnaðaráhrif sem boðuð eru munu leiða til algerar stöðnunar á vinnumarkaði. Það að miða þær við starfsaldur leiðir til þess að ungu og frambærilegu fólki verður gert enn erfiðara með að afla sér vinnu eftir nám, sem leiðir svo aftur til afnám samkeppni og nýsköpunar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs